

# Læknafélag Íslands fagfélag og stéttarfélag. Kjarabarátta lækna í 90 ár



**Birna Jónsdóttir**

[birna@rd.is](mailto:birna@rd.is)

Höfundur er röntgenlæknir og formaður Læknafélags Íslands.

Læknafélag Íslands hefur í 90 ár verið bæði fagfélag og stéttarfélag. Háleit og metnaðarfull siðferðileg markmið setjum við okkur með eigin siðareglum og læknaeiðnum og þetta eigum við sameiginlegt með alþjóðasamfélagi lækna. Menntun lækna sem annar hornsteinn félagsins hefur bæði farveg gegnum Fræðslustofnun á Læknadögum og á síðum Læknablaðsins. Kjarasamningsgerð sem er meginþáttur í starfi stéttarfélagsins er skipt milli LÍ og Læknafélags Reykjavíkur.

LÍ var stofnað á félagsfundi í LR 14. janúar 1918. Fyrstu þrjú mánuðirnir einkenndust af kjarabaráttu samkvæmt því sem formaður skýrir frá í Læknablaðinu. Þegar ekkert miðar í úrbótum á laun skoraði stjórn félagsins á félagsmenn að segja upp og voru undirtektir góðar. Þetta var í fyrsta sinn í sögu íslenskrar kjarabaráttu sem hópuþsagnir voru ráðgerðar sem baráttutæki. Til sama ráðs var gripið árið 1966 og voru undirtektir lækna framúrskarandi góðar. Kjarasamningsgerð við ríkið fyrir hönd sjúkrahúss- og heilsugæslulækna er verkefni LÍ. Samningurinn sem við gerðum í sumar felldu félagsmenn í atkvæðagreiðslu og eru það nokkur tíðindi. Það þarf að vera læknum fullljóst að gagnaðili ætlar sér að skerða kjör lækna. Vissulega eru grunnlaun lækna skammarlega lág og kaupgetan hefur rýrnað í ár. Hvað af samningsbundnum réttindum erum við tilbúin að láta af hendi fyrir grunnkaupshækkun? Umsamin réttindi dagsins í dag hafa kostað baráttu og það er í verkahring LÍ að standa vörð um samninginn.

Sigurður E. Sigurðsson læknir, fyrrverandi formaður samninganefndar, segir í pistlinum „Kjaramál í nútíð og framtíð“ sem hann skrifaði vorið 2006 í Læknablaðið að nýloknum samningi, það skoðun sína að almennt þekki lækna kjarasamninginn illa. Þar bendir hann meðal annars sérstaklega á þýðingu svokallaðra viðbótarþátta sem hann segir að skapi rými fyrir einstaklingsbundin laun. Kjarasamningur er lögum samkvæmt samningur um lágmarkslaun. Það kann hins vegar að vera tvíbent ef mikil áhersla er lögð á það að einstaklingar semji beint við vinnuveitanda um stóran hluta launa, sérstaklega þegar gagnaðili hefur feikimikla yfirburði. Ef það er raunin að lækna

almennt þekki samninginn illa, á sama tíma og yfirgnæfandi meirihluti spítalarekstrar er á einni hendi og sama gildir um rekstur heilsugæslustöðva, í hvernig samningsaðstöðu eru menn? Eykst kynbundinn launamunur eða minnkar með einstaklingsbundnum samningum?

Í dag krefst unga fólkið styttri vinnutíma en viðgengist hefur hjá læknum. Krafa er um meira jafnvægi milli vinnu og fjölskyldutíma og er það vel. Ungu fólkið vill læra læknisfræði, slæst um að læra bæði hér heima og erlendis. Við líðum ekki læknaskort á Íslandi, meðan 1100 lækna eru starfandi heima er það miklu frekar umhugsunarfni að um 500 íslenskir lækna eru erlendis við nám og störf. Ákveðinn atgervisflótti viðgengist og margir okkar fremstu lækna eiga ekki möguleika á stöðu í okkar þróingu aðstöðum. Ég hef alvöru áhyggjur af atgervisflótta.

Hvert stefnum við í samningsgerð í dag? Skurðlækna gerðu sinn kjarasamning í sumar. Munu fleiri félög lækna feta þessa braut eða ætlum við að standa saman? Krafa er hækkun launa og stytting vinnutíma. Afköstin þurfa að halda sér og gleymum ekki mikilvægi rekstrar- og vinnuumhverfis í þessu samhengi. Í sumar var gerður nýr samningur milli ríkisins og heimilislækna um sjálfstæðan rekstur lækna á heilsugæslustöðvum. Hvenær sjáum við nýtt umhverfi í spítalarekstri? Við þurfum nýjan spítala í nýju húsi, búnað og tæki sem svara kröfum tímans. Ef frumvarp til laga um sjúkraskrá verður samþykkt í haust skapast grundvöllur til nýsköpunar ef fjármagn verður sett í nauðsynlega uppbyggingu.

Kjaramál verða þungamiðja í umfjöllun aðalfundar 26. september næstkomandi. Víllausir horfðu íslenskir lækna fram á við í janúar 1918, frostaveturinn mikla, ekki var þjóðfélagsástandið bjart þá: Utanaðkomandi vá, bæði löng heimstyrjöld og spænska veikin. Lækna væntu sér mikils af LÍ og stóðu saman, hvers væntum við í dag?

## Heimild

Ísberg JÓ. Líf og lækningar, íslensk heilbrigðissaga. Reykjavík 2005.

Icelandic Medical Association a professional organisation and a Trade Union. IMA's collective bargaining for 90 years

Birna Jónsdóttir is a radiologist and the chairman of the Icelandic medical association.